



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, þskj. 305- 274. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður ofangreinda þingsályktunartillögu heilshugar. Eins og staðan er í dag á margt fólk af erlendum uppruna erfitt uppdráttar í þjóðfélaginu. Þar kemur margt til, m.a. vanþekking á lögum og reglum, réttindum og skyldum, sem og að samfélagið hefur ekki að fullu viðhaft þær ráðstafanir sem þarf til að tryggja innflytjendum jafnræði á við aðra íbúa þess.

Þannig hefur mörgum einstaklingum af erlendum uppruna reynst erfitt að fá menntun sína viðurkennda hér á landi og að fá störf er hæfa menntun þeirra. Sökum skorts á túlkþjónustu, vanþekkingu á þjónustu við innflytjendur og jafnvel menningarmunar, eru ýmiss konar þjónusta og aðgengi einnig takmarkaðri innflytjendum en öðrum og meira um misnotkun og hagnýtingu fólks af erlendum uppruna, t.d. á vinnumarkaði. Upplýsingagjöf er ábótavant og svo er einnig um aðgang að íslenskukennslu. Nýjar rannsóknir sýna einnig að lesskilningur barna af erlendum uppruna er lakari en íslenskra og sum þeirra kunna hvorki íslensku né móðurmál sitt svo fullnægjandi sé. Við því þarf að bregðast.

Fleira mætti telja upp en MRSÍ lætur staðar numið að sinni og áréttar stuðning sinn við þingsályktunartillöguna og hvetur til samþykkis hennar.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri